Heimur augans

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

Myndverk í 33 ár er undirtitill á þeirri geipistóru yfirlitssýningu Braga Ásgeirssonar, sem hann hefur efnt til í báðum sölum Kjarvalsstaða og þar að auki eru gangar notaðir til hins ýtrasta. Ég man ekki eftir eins viðamikilli sýningu hér á landi frá hendi lifandi listamanns, nema ef vera skyldi yfirlitssýning sú sem vinir Kjarvals héldu, er hann var fimmtugur og staðsett var í Menntaskólanum gamla, þó þori ég ekkert að fullyrða um það. Það er mikið vatn runnið til sjávar síðan.

Ekki veit ég, hvort fólk yfirleitt gerir sér grein fyrir, hvert gríðarlegt átak og vinna það er að koma sýningu á laggirnar sem þessari sýningu Braga. Margra mánaða vinna hlýtur að liggja þar að baki, og ég hef að vísu engar tölur um það fjármagn, er til þarf, en ég yrði ekki hlessa, þótt nefna mætti góðar tíu milljónir í því sambandi. Þetta eru ágiskanir, en heldur hef ég farið varlega í áætlun en hitt. Af þessu má fá nasasjón af, hvert fyrirtæki hér er á ferð og styrkveitingar engar. Enda hefur Bragi sagt „það skiptir mestu máli að hugsa stórt í litlu landi."

Þrjátíu og þrjú ár eru langur ferill í listum. Bragi Ásgeirsson er vart kominn á miðjan aldur, er hann færist í fang jafn djarft uppátæki og þessi sýning er. Það mætti segja mér, að hann tefldi hér á tvær hættur, um leið og hann hlýtur að gera verk sín aðgengileg fyrir marga þá, er ekki höfðu hugmynd um feril Braga sem listamanns fram til þessa. Auðvitað eru það elstu verkin, sem eru hvað forvitnilegust, en við skulum heldur ekki gleyma því, að frá öllum tímabilum listamannsins koma hér fram hlutir, sem bæði skemmtilegt og fróðlegt er að hafa spurnir af. Þannig eru yfirlitssýningar jafn fróðlegar fyrir listamennina sjálfa og samtíðarfólk. Ósjaldan kemur einnig ýmislegt í leitirnar, sem stundum hefur fallið í gleymsku hjá viðkomandi höfundi. Erilsamur dagur virðist vera aldarháttur listamanna á tuttugustu öldinni. Ef athugað er, hvað margir listamenn hafa getað helgað sig eingöngu listgrein sinni í myndlist, er ég hræddur um, að sú tala sé ekki há, þrátt fyrir velferð og allt umstang nútímans. Þannig má vel nefna það hér, að Bragi Ásgeirsson hefur þurft að stunda kennslu jafnframt listastörfum, og þegar það er haft í huga, munu margir verða agndofa yfir þeim fjölda mynda, er liggur eftir Braga. Það má með sanni segja, að hann hafi tekið til hendi.


Á sýningu Braga eru hvorki meira né minna en tæp tvö hundruð myndverk í sýningarskrá. Þar að auki eru sýndar teikningar, vatnslitamyndir, grafík og blönduð tækni. Segja mætti mér, að 300 verk væru á þessari sýningu, ef allt væri tíundað. Af þessu má draga þá ályktun, að vart verði farið djúpt í saumana á þeim verkum, er koma hér við sögu. Þá yrðu þessar línur svo mikið lesmál, að engum kæmi í hug að lesa þær. Það er því best að benda fólki á að sækja þessa sýningu og finna þar það, sem því fellur best í geð. Fjölbreytni er mikil í þessum verkum, því að Bragi hefur unnið í mörgum stíltegundum, á mjög mismunandi hátt. Hann hefur jafnan verið með hugann þar, sem ýmislegar hreyfingar í myndlist voru á ferð, og þarna er því að finna rómantísk verk, geómetrísk og abströkt verk, expressionisma og poppmyndir, unnar í alls konar efni. Má með sanni segja, að skammturinn hjá Braga sé nokkuð vel útilátinn, og einhverjir munu komast þannig að orði, að sjússinn sé bæði sterkur og stór. Sumir munu einnig halda því fram, að Bragi hefði komið sterkari fyrir sjónir, ef meir hefði verið grisjað og betur valið. Að mínum dómi er þetta einkamál Braga, og ræði ég það ekki frekar hér.

Það er áberandi á þessari sýningu, hve mörg af hinum eldri verkum, allt frá skólatíð Braga, eru þrungin einbeitingu og lífskrafti. Það er engu líkara en að lífskrafturinn og vinnugleðin neisti af mörgu frá þessum árum, og það má finna sömu einbeitni í öllum ferli Braga allt til líðandi stundar. Ekki vil ég ræða hér einstaka verk, en ég bendi á nokkur þeirra, sem hápunkt í listsköpun Braga að mínum dómi, no. 15, 54, 62, 68, 79, 98, 113, 119, 122, 141, 145, 153, 160, 163, 170 og 176. Þetta er löng runa, en hvergi samt nægjanleg til að koma öllu til skila. Það eru vissulega reglulegar perlur hér og þar á þessari sýningu, og auðvelt er að gera sér grein fyrir stöðu Braga Ásgeirssonar í myndlist okkar í dag. Hann hefur sannað áþreifanlega hver sú staða er með þessari sýningu, og mikið skal til mikils vinna eins og þar stendur.

Myndarleg sýningarskrá fylgir sýningu Braga, litprentuð með formála eftir Rainer Maria Rilke og kvæði eftir Kipling. Plakat hefur Bragi einnig látið gera, ásamt grafík og póstkorti. Allt þetta er falt gegn vægu verði, og mikið af verkum á sjálfri sýningunni er til sölu.

Ég vona, að sem flestir noti þetta tækifæri að kynnast verkum Braga Ásgeirssonar í 33 ár. Það er ekki að vita, hvort slíkt tækifæri bjóðist á næstunni. Bragi tileinkar látnum föður sínum þessa sýningu, Ásgeiri Ásgeirssyni frá Fróðá. Hann tilgreinir í sýningarskrá hvers vegna, og er honum sómi að. Eins er sýning þessi sómi fyrir Braga og gott vitni um elju og ástundun, þrátt fyrir daglega önn og þær frátafir, er henni fylgja.

Að lokum vil ég færa Braga árnaðaróskir með þessa miklu sýningu, og vonast til að fólk kunni að meta framtakið.



Sjálfsmynd

Cargolux orðið annað stærsta vöruflugfélag í heimi:

„Tiltölulega bjartsýnir að venju," — segir Einar Ólafsson forstjóri í samtali við Morgunblaðið

„ÞAÐ ER nóg að gera og staðan góð, en kostnaður allur er farinn til fjandans, eldsneytishækkanir og vextir og sveiflurnar á fjármagnsviðinu hafa geysileg áhrif á okkur," sagði Einar Ólafsson forstjóri Cargolux í samtali við Mbl., „en við erum tiltölulega bjartsýnir að venju enda nýbúnir að fá nýja Boeing 747-breiðþotu. Það er alltaf samdráttur í júlí og ágúst í vöruflutningaflugi vegna þess að framleiðslugeta í Evrópu dregst svo saman yfir sumarið, en það er ekkert óeðlilegt. Í septemberbyrjun fara vöruflutningarnir hins vegar af stað aftur og framundan eru ein til þrjár ferðir á viku til Austurlanda, Afríku og Ameríku.

Einar nefndi sem dæmi um áhrif vaxtahækkana og sveiflna á því sviði að 1% vaxtahækkun á mánuði þýddi 40 þús. dollara á einni vél, reiknað hefði verið með 14—15% vöxtum en þeir hefðu farið upp í 24%. Þá gat hann þess að stór hluti af eldsneytishækkuninni næðist upp á markaðinum en hins vegar næðust ýmsar hækkanir ekki.


Hjá Cargolux starfa nú 500 manns í Luxemborg og þar af eru



Íslendingarnir þrír í yfirstjórninni, Gunnar, Einar forstjóri og Jóhannes. Ljósmynd Mbl. RAX.



Starfslið Cargolux í Hong Kong, en alls starfa þar um 620 manns hjá Cargolux, þar af 500 í Luxemborg og í þeim hópi eru 110 Íslendingar.



Einar Ólafsson forstjóri.



Jóhannes Einarsson framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs.



Gunnar Björgvinsson framkvæmdastjóri viðhalds- og véladeildar.